

19. apríl 2022.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

MINNISBLAÐ – Sundkennsla á unglingsstigi, mál 2201480

Eftirfarandi minnisblað er unnið í kjölfar óskar fræðsluráðs um að heyra sjónarmið skólasamfélagsins til tillagna um breytinga á sundkennslu í grunnskólum í ljósi sjónarmiða sem koma fram hjá umboðsmanni barna, ungmennaráði Hafnarfjarðar, Reykjavíkurborg og foreldraráði Hafnarfjarðar. Sömuleiðis minnisblaðs undirritaðs frá 15. febrúar 2022.

Þetta minnisblað dregur fyrst fram sjónarmið sundkennara við grunnskólana, íþróttakennara, til sundkennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar. Haldinn var sérstakur samráðsfundur með sundkennurum í grunnskólum Hafnarfjarðar, haldinn fimmtudaginn 31. mars kl. 14.30-15.30 í fyrirlestrarsal Hvaleyrarskóla. Undirritaður stjórnaði fundi en auk hans voru nálægt 15 sundkennarar á fundinum úr öllum grunnskólum bæjarins, einn skólastjóri og íþrótta- og tómskundafulltrúi. Eftirfarandi eru sjónarmið sundkennaranna á staðnum:

1. Það er erfitt að skilja umræðuna um sundkennsluna í fjölmiðlum og samfélaginu og hún sé undarleg og með vantraust gagnvart sundkennurum. Þeir séu vel til þess hæfir að meta aðgerðir og nauðsynlegan stuðning við einstaka nemendur vegna persónulegrar vanlíðanar gagnvart sundi frekar en að svarið sé að sleppa nemendum við sundi. Það sé mikilvægt að halda áfram góðri sundkennslu og undanþágur frá sundkennslu séu ekki aðgerðin sem þörf er á í dag. Það sé hægt að bregðast við persónulegri vanlíðan öðruvísi en að fella niður sundkennslu.
2. Bent er á mikilvægi sundkennslu út frá ýmsum þáttum, s.s. að
 - a. sundkennsla er mikilvægt öryggistæki (að geta bjargað sér og öðrum frá drukknun),
 - b. hún er hluti af íslenskri menningu (samfélag sundsins og vellíðan í ódýrri, opinberri líkamsrækt),
 - c. nauðsynlegt sé í lífinu að takast á við áskoranir í námi frekar en að sleppa þeim (ekki að sleppa sundi vegna kvíða heldur að takast á við kvíðann með því að sækja sund),
 - d. það sé valdeflandi fyrir nemendur að takast á við persónulegan vanda tengdan sundi við að stunda sundið frekar en að sleppa því (viðhalda hreyfingu),
 - e. í sundgetu felist lífsgæði til framtíðar sem efli hreyfingu og heilbrigði fólks,

- f. sundhæfni sé nauðsynleg starfsgeta í framtíðinni (alla vega í sumum störfum og einnig sem almenn hæfni á vinnumarkaði) svo ekki megi vanrækja sundnám frekar eða umfram aðrar námsgreinar.
3. Það er of mikil eftirgjöf sé gagnvart sundkennslu í sundumræðunni og foreldrar eru, í einhverjum mæli alla vega en mismunandi eftir foreldrum, of mikið að hlusta á kvartanir barna sín og sækja um leyfi gagnvart sundi að nauðsynjalausum að séð verður og þannig sé ýtt undir skólaforðun í sundi að litlu sem engu tilefni. Það sé mikilvægt að vinna gegn skólaforðun í sundi og foreldrar verði þar að vera hvetjandi við börn sín frekar en letjandi. Það sé ekki neins hagur að samfélagið dragi úr mikilvægi sundkennslu og mikilvægi sundshæfni í framtíðinni.
 4. Líta eigi á sund, og skólaíþróttir almennt séð, sem mikilvæga heilsueflingu sem eigi að ýta undir frekar en að leita leiða til að draga úr sundkennslu.

Tillögur sundkennaranna eru:

1. Sundkennsla verði með hefðbundnu sniði og allir nemendur taki sundpróf í samræmi við árgang sinn (1 tími á viku í 1.-10. bekk), þ.e. eru ekki að taka sundpróf viðkomandi árgangs fyrr en í árganginum sjálfum.
2. Hvatningarkerfi verði sett á fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar sem miði að því gefa duglegum nemendum, bæði hvað varðar hæfni og tímasókn í sundi, að ljúka sundprófi viðkomandi árgangs fyrr en við lok skólaársins, þ.e. frá miðri vorönninni og út á vorið.
3. Hvatningarkerfið geri ráð fyrir að nemendur í 8. bekk geti eftir 25 virka sundtíma, í 9. bekk 23 tíma og 10. bekk 21 tíma lokið sundtímum viðkomandi skólaár hafi virka þátttaka (mætingar) og hæfni geti verið náð á þessum tíma ljúki kennslunni hjá viðkomandi en áfram til vors verði þeir nemendur sem þurfi frekari tíma í sundi til að ná hæfninni. Viðkomandi nemendur sem ljúka tímum og sundhæfniprófinu fyrir lok skólaársins fái að sleppa þeim tímum sem eftir eru út skólaárið en skráning í þá tíma sé að þeir hafi sótt þá.
4. Mikilvægt er að yngri nemendur (1.-5. bk.) sé ekki nema einn hópur undir 15 nemendur í einu í sundhópi með einum kennara (frekar en að hafa heila bekki, þ.e. umfram 15 nemendur, og þá tvo sundkennara). Bærinn þurfi einfaldlega að huga að því að nóg sé af sundkennslutímum til að sundkennslan geti þrífist vel og allir nemendur fái nægan stuðning sem ekki sé hægt að fullyrða að sé fullnægjandi í dag, þ.e. of fáir sundkennslutímar standi grunnskólunum til boða til sundkennslu.

Sjónarmið þróunarfulltrúa grunnskóla til tillagna sundkennara er að viðhalda mikilvægi sundsins en reyna samt að bregðast við ákveðnum aðstæðum og ungmennaráð hefur verið að óska eftir, þ.e. að viðurkenna ákveðna sérstöðu sundsins. Sérstaðan er fólgin í því að hún er viðkvæm fyrir suma nemendur og gefur þeim vissa hvatningu til að forðast sundið þegar oft sé sótt um leyfi í sundi. Hvatningarkerfi dregur úr fjarvistum í sundi. Sem merkir að ef hvatningarkerfið er ekki er í dag er jafnvel

minni skólasókn í sundtímana en umrætt hvatningarkerfi virðist geta sýnt fram á, þ.e. nemendur ná jafnvel ekki 21-25 tímum á skólaári vegna leyfisbeiðna sem koma frá einstaka heimilum. (Athugið að lögin telja að 20 sundtímar séu nægilegir á skólaári út frá aðstöðu en þá skuli vera kenndar íþróttir í staðinn.) Svo ef hvatningarkerfi er samþykkt er það að vissu leyti frávik frá aðalnámskrá sem brugðist er við sérstakra óska og aðstæðna, þ.e. óska frá ungmennaráði og því að sundtímasókn virðist vera mjög til þess fallin að óska eftir leyfum svo fjarvistir þar eru meiri en í öðrum námsgreinum.

Í skólastjórahópnum í Hafnarfirði eru skiptar skoðanir gagnvart því að viðhafa sérstakar aðgerðir í einni námsgrein (sund) um fram aðrar (allar hinar), þ.e. að taka upp hvatningarkerfi með tímasóknarafslætti í einn námsgrein ef tímasókn og hæfni er til staðar. Sumir telja það vera brot á aðalnámskrá grunnskóla sem ekki sé heimilt að taka og spyrja um fordæmið fyrir aðrar námsgreinar, þ.e. er í lagi að sleppa tímasókn í einstaka öðrum námsgreinum ef þú hefur mætt vel og hefur hæfnina (alla vega einkunnina B). Aðrir skólastjórar telja að hvatningarkerfið, sem var við lýði óformlega í sumum skólum samkvæmt hefð en var lagt niður hefði gefið góða raun, þ.e. minna væri um leyfisbeiðnir þá en núna. Ef þessi tillaga sundkennaranna verði ofan á, og skólastjórahópurinn er ekki einhuga um að styðja út frá því sem hér ofar er sagt, telja þeir mikilvægt að komi skýrt fram að umrætt hvatningarkerfi getur ekki náð til annarra námsgreina en sundið og hefur ekkert fordæmi fyrir aðrar námsgreinar.

Þessi sjónarmið, þ.e. skólastjórana og sundkennaranna, er lagt fram til fræðsluráðs til endanlegrar ákvörðunar.

Aðrar tillögur eru ekki í gangi.

Virðingarfyllst,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla